

LESBOK

M O R G U N B L A Ð S I N S

Stofnuð 1925

7. tbl. 17. febrúar 1996 — 71. árg.



VAL FÓLKSINS


Pannig er niðurstaðan í skoðanakönnun Hagvangs á myndlistmekk almennings á Íslandi. Til vinstri er „Eftirsóttasta“ og að neðan er „Síst eftirsóttasta“ málverk þjóðarinnar.

Sýningu Kjarvalsstaða á þessum málverkum lýkur á morgun.

Hinn fullkomni listræni glæpur

Anti-listamennirnir Komar og Melamid, og hinn blauti koss þeirra á varir íslenskrar menningar.

Eftir HANNES SIGURÐSSON



Ýmsir kunna að furða sig á hvað „eftirsóttustu málverk“ þjóðanna eftir Komar og Melamid eru keimlík. Næstum alveg eins! Hvað gengur þeim eiginlega til? Hvernig voga þeir sér að slá því föstu að Úkraínur og Keníubúar hafi sama smekk og við, að þeir sjái fegurðina með sömu augum, hvort heldur sem þau eru svört eða blá? Við erum ekki eins og allir hinir. Við erum Íslendingar. Við erum eitthvað sérstakt. Ég meina alveg virkilega „spes“. Þess vegna erum við Íslendingar. Þess vegna sjáum við hlutina öðruvísi en allir aðrir, það gefur auga leið. Skynjun okkar er tær og kröftug eins og ástsælustu listamenn þjóðarinnar hafa margsinnis sannað í túlkun sinni á landinu, hrjóstugu umhverfinu og sterku samspili lita og forma — enda þótt blindrammarnir, striginn og litirnir sem þeir notuðu sé allt komið að utan. Og stílbrigðin líka. En það skiptir náttúrlega engu máli. Okkar íslenska náttúra skín hvarvetna í gegn. Þeir sem áttu því von á að sjá Kjarval eða Ásgrím í rússnesk-amerískri endurtúlkun urðu fyrir miklum vonbrigðum. Ekki bætir heldur úr skák hvað

„eftirsóttasta“ myndin er „illa gerð“. Hreinasta móðgun. Bara helvítis dónaskapur, ef þú spyrð mig. Og svo eiga þetta að vera einhverjir stórir karlar úti í heimi, alvöru listamenn. Færir málurarar með pottþetta listmenntun að baki. Hvað halda þeir eiginlega að við séum? Einhverjir menningarsnauðir útkjálkabændur sem þekkja ekki skil á góðu handbragði og láti þjóða sér hvað sem er? Má ég þá frekar biðja um Jón Reykás.

HÚN ÞYRNIRÓS VAR BESTA BARN ...

Skoðanakönnun Hagvangs á myndlistar-smekk landans má túlka á ótal vegu, og þeir Komar og Melamid hafa greinilega tekið þann pól í hæðina að samræma útkomuna við „eftirsóttustu málverk“ annarra þjóða. En hvers vegna? Og af hverju vönduðu þeir sig ekki meira? Komar og Melamid hefur ekki einungis heppnast af fremja hinn „fullkomna listræni glæpur“ — og það í málverki á þessum síðustu og umburðarmestu tímum. Þeir láta sér ekki nægja að flagga óskapnaðnum í einu virðulegasta safni borgarinnar, heldur bera þeir salt í sært þjóðarstoltið með því að nauðga „íslenskukennð okkar. Hin þjóðernislega áreitni þeirra felst í því, að hafa klínt litum á léreft eftir sínum eigin (óíslenskulega) geðþótta og fullyrt að þetta sé það sem við viljum. Hjá Kjarvali og Ásgrími var þessu öfugt farið. Fyrst máluðu þeir verk sín og síðan kunngerðu menningarvitar þjóðarinn-

ar hver í kapp við annan að þetta væri það sem hún þráði. Og viti menn, almenningur virtist vilja það, rétt eins og hvað annað sem að honum er haldið nógu stíft.

Ísland var markaðssett fyrir Íslendinga löngu fyrir daga Hagvangs hf. Þjóðskáldunum og brautryðjendum íslenskrar málara-listar „var falið“ að sameina landsmenn undir einu skjaldarmerki, þjóðernishyggju og frelsi, og veita okkur „íslenska sýn“. Þeir gerðu okkur virkilega stolt af ættjörðinni, svo hinir nýju landsfeður gætu mjólk- að hana betur, en þess ber að geta að það að vera „Íslendingur“ var mun loðnara hugtak hér áður fyrr. Fólk sá ekkert sér-takt við landið, sem hafði kvalið það öldum saman, nema það væri ræktanlegt — uns Jónas og félagar tóku að dæla út ljóðum um heidarvötnin blá og fannhvíta jóklanna tinda, og Kjarval opnaði augu okkar fyrir því hvað blessað hraunið væri eftir allt saman glettilega „mikið við“. Í fornsögnum er nánast engar landslagslýsingar að finna. Nafnið Ísland er fúkyrði sem á að hafa hrotið af vörum Hrafna-Flóka eftir að fannhvítir jóklanna tindar höfðu gengið að sauðfénaði hans dauðum.

ÞÁ KOM ÞAR GALDRAKERLING INN ...

Kjarval, þórarinn B. Þorláksson og Ásgrímur Jónsson „hönnuðu“ nýja ímynd af landinu, ekki ólíkt og Komar og Melamid hafa gert á Kjarvalsstöðum. Sá er hins